



**SAMSTARF PLASTPLAN OG ÍSBÚÐAR VESTURBÆJAR Í PLASTENDURVINNSLU
FRÉTTABRÉF NO. 02**



***DES - JAN
2019-2020***



YFIRLIT

bls. 3-4

PLASTENDURVINNSLA

bls. 5

FRAMLEIÐSLA

bls. 6

HÖNNUNAR OG ÞRÓUNARFERLI

bls. 7-8

PLASTPLAN

bls. 9-10

YFIRLIT

Í kringum áramót töldum við hjá Plastplan mikilvægt að leggja áherslu á uppbyggingu og framleiðslu á kostnað mánaðarlega fréttablaðsins, því verður farið yfir framþróun desember og janúar sameiginlega í fréttabréfinu.

Samstarfið hefur vaxið mikið seinustu mánuði en eftir að hafa komið á stöðugu samtali við Ísbúð Vesturbæjar í Fjarðargötu og sannreynt vinnu aðferðir hóf Plastplan að sækja plast og þjónusta tvær verslanir til viðbótar, í Bæjarlind og Skipholti. Framleiðsla skeiða úr endurunnu plasti hefur verið stöðug en þó viljum við auka framleiðsluna til að dreifa meira magni í allar verslanir.

Plastendurvinnslumálum hefur farið talsvert fram á tímabilinu, það má ef til vill rekja til breytinga á flokkunarkerfi í sambland við sameiginlegt átak starfsmanna. Samtímis og umfang eykst þá er samhliða betur staðið að flokkum.

Á tímabilinu desember til janúar hefur, eins og aðra mánuði, talsvert uppbygging átt sér stað með aukna endurvinnslu- og framleiðslugetu að leiðarljósi. Voru útfærslur af tveimur nýjum vélum, plötupressu og stækkuðum plasthakkara, kláraðar og teikningar sendar í framleiðslu. Bindum við vonir við að ná að klára að byggja báðar vélar á tveggja mánaðartímabili og viðhalda framleiðslu samhliða. Eins voru tvær injection vélar, til að steypa plast, byggðar til viðbótar til að stækka framleiðslumöguleika Plastplan.



PLASTENDURVINNSLA

Plastmagn hefur aukist verulega eftir að fleiri verslanir urðu virkir þátttakendur í samstarfinu og nemur sótt plast nú 229,5 kg á mánuði og telur 1,75 m³ mánaðarlega.

Hjálpar það að ísbúðin á Fjarðargötu hóf að setja plast til endurvinnslu í glæra poka og munur mikið um það, en áður hafði talsvert af almennu sorpi óvart fylgt með.

Plastendurvinnslan hefur gengið vel, allt frá söfnun til þrifa, hökkunar og bræðslu, sundurliðun á plast-flokkum og umfangi fylgir hér að neðan.

| | |
|--------------|----------------|
| PETE | <1 % |
| LDPE | <1 % |
| PVC | <1 % |
| HDPE | 10 % |
| PP | 47 % |
| PS | 40 % |
| OTHER | <1 % |

PLAST
229,5 kg

RÚMMÁL
3,5 m³

FRAMLEIÐSLA

Á tímabilinu var umtalsverður fjöldi skeiða framleiddur og úr plasti ísbúðarinnar og skilað samhliða nýjum flokkunarkerfum, “Hringrás Plastplan” viðurkenningu og “Brot úr samstarfi” skjali. Brugðið var frá fyrri litablöndu sem framleiddar höfðu verið fyrir ísbúðina í Hafnarfirði en nýju skeiðarnar voru framleiddar úr hvítu og bláu aflögu plasti. Þar sem mikið fellur til af hvítu plasti er líklegt að gerðar verði tilraunir með aðrar skemmtilegar litasamsetningar með ljósum blæ.


Gert er ráð fyrir að auka framleiðslu skeiðanna umtalsvert samhliða byggingu fjölbreytts tækjakosts til framleiðslu.





HÖNNUNAR- OG ÞRÓUNARFERLI

Stöðugri framleiðslu skeiða úr endurunnu plasti hefur verið komið á og því er tímabært að hefja þróun næstu afurðar í samtali við aðila Ísbúðar Vesturbæjar. Í kjölfar vettvangsferðar kom sú hugmynd að framleiða nýstárleg gjafabréf úr endurunna plastinu sem við hjá Plastplan teljum spennandi. Með því er hægt að gefa viðskiptavinum tækifæri á að handleika endurunna plastið samtímis og dregið verður úr einnota gjafabréfum og teljum við möguleika felast í að impra á að plast sé verðmætt hráefni sem hægt sé að nota í ýmsum tilgangi og með því standa að mikilvægri fræðslu.



PLASTPLAN

Desember og Janúar mánuður hafa á heildina litið gengið nokkuð vel. Í byrjun nýs árs voru helstu ferlar greindir til að koma auga á vankanta og ónýtt sóknarfæri, í kjölfarið voru útfærslur kláraðar af plast-plötupressu og stækkuðum hakkara og sendar í framleiðslu til að gera Plastplan kleift að auka endurvinnslu- og framleiðslugetu. Gert er ráð fyrir að við klárum smíði beggja véla innan tveggja mánaða.

Undirbúningur er hafin fyrir HönnunarMars hátíðina sem fer fram dagana 25. - 29. mars og mun Plastplan því eftir bestu getu auka sýnileika á samfélagsmiðlum á komandi vikum til að vekja athygli og áhuga á samstörfunum fyrir hátíðina.

